

Persónuverndaryfirlýsing varðandi upplýsingar um viðskiptavini og vefnotendur

Þessi persónuverndaryfirlýsing varðandi upplýsingar um viðskiptavini og vefnotendur („Persónuverndaryfirlýsing“) gildir fyrir fyrirtækið Dell Inc. og dótturfyrirtæki þess um allan heim („Dell,“ „við/okkur/okkar“ eða „okkar“), en ekki fyrir þau dótturfyrirtæki Dell sem hafa sjálf birt sínar eigin persónuverndar- og öryggisyfirlýsingar. Þessi persónuverndaryfirlýsing gildir ekki heldur fyrir vefsetur fyrirtækja tengdra okkur eða neinna þriðju aðila, jafnvel þó að þeirra vefsetur séu tengd við okkar vefsetur. Við mælum með því að þú lesir persónuverndaryfirlýsingar annarra aðila sem þú hefur samskipti við.

Þessi persónuverndaryfirlýsing segir til um það hvernig við vinnum úr þeim persónuupplýsingum sem við fáum hjá viðskiptavinum og vefnotendum okkar („þér“) og þeim upplýsingum sem við öflum sjálfvirkt þegar þú heimsækir vefsetur okkar (t.d. gögnum sem safnað er í gegnum dúsur (e. cookies)) Í ábyrgðaryfirlýsingum og stefnuyfirlýsingu Dell um vöruskil má finna stefnu fyrirtækisins varðandi upplýsingar á hörðum drifum sem skilað er til Dell.

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu þýðir „tengt fyrirtæki“ sérhver undirverktaki, birgji eða annar aðili sem við eigum í varanlegu viðskiptasambandi við til að veita vörur, þjónustu eða upplýsingar. „Persónuupplýsingar“ þýðir allar upplýsingar sem auðkenna þig, svo sem nafn þitt, símanúmer og netfang.

[Upplýsingar sem við söfnum](#)

[Hvernig við notum persónuupplýsingar](#)

[Persónuupplýsingar veittar](#)

[ESB og örugg höfn í Sviss](#)

[Hvernig þú getur nálgast, breytt og eytt persónuupplýsingum þínum](#)

[Samskiptamáti valinn og auglýsingar afþakkaðar](#)

[Hvernig við gætum persónuupplýsinga þinna](#)

[Öflun og notkun á persónuupplýsingum um börn](#)

[Hvernig við og tengd fyrirtæki notum dúsur \(e. cookies\) og vefvita \(e. web beacons\)](#)

[Félagsmiðlavalgkostir](#)

[Tenglar á vefsíður og þjónustu þriðju aðila](#)

[Breytingar á persónuverndaryfirlýsingu okkar hvað varðar upplýsingar um viðskiptavini og vefnotendur](#)

[Hafa samband](#)

[Aðrar persónuverndaryfirlýsingar eftir löndum](#) (á ensku)

Upplýsingar sem við söfnum

Við kunnum að óska eftir persónuupplýsingum hjá þér þegar þú

- Notar vefsetur okkar;
- Óskar eftir verðtilboðum, þjónustu, aðstoð, niðurrhali, prufum, hvítbókum eða upplýsingum;

- Pantar vörur eða þjónustu eða skráir þig á viðburði eða netnámskeið;
- Sækir um kreditkort eða fjármögnun;
- Tekur þátt í könnunum, happdrættum eða öðrum kynningum á netinu eða öðrum vettvangi;
- Gerist áskrifandi að fréttabréfum, hugbúnaði frá Dell, kynningartölvupóstum eða öðru efni;
- Sækir um starf, skilar inn ferilsskrá eða stofnar umsækjandaáðgang; eða
- Hefur samband við okkur.

Persónuupplýsingar sem við biðjum um geta meðal annars verið netfangið þitt, nafn, heimilisfang og símanúmer. Ef þú kaupir eitthvað getur verið að við biðjum þig um kreditkortanúmerið þitt og greiðsluupplýsingar. Við kunnum að óska eftir gögnum um fjárhagslegan bakgrunn þinn til þess að afgreiða beiðni þína um gjaldfrest eða fjármögnun. Starfsumsækjendur geta verið beðnir um að veita upplýsingar um menntun, starfsreynslu og áhugasvið og skráning og úrvinnsla þeirra upplýsinga þarf ekki að fara fram í sama landinu. Við kunnum einnig að biðja um lýðfræðilegar upplýsingar, svo sem upplýsingar um starfsemi þína eða fyrirtæki, aldur, kyn, áhugamál og séróskir. Á eyðublöðum sem þú velur að fylla út er tekið fram hvort upplýsingarnar sem beðið er um eru skylduupplýsingar eða valfrjálstar.

Við kunnum að safna upplýsingum um heimsóknir þínar á vefsetur, þar með talið um síðurnar sem þú skoðar, tenglana og auglýsingarnar sem þú smellir á, leitarorðin sem þú notar og aðrar aðgerðir þínar í tengslum við vefsetur og þjónustu Dell. Við kunnum einnig að safna vissum upplýsingum af vafranum sem þú notar til að komast á vefsetrið okkar, svo sem IP-töluna þína, tegund vafra og tungumál, klukkan hvað þú skráir þig inn, veffang (URL) vefsetursins sem vísaði þér á vefsetur okkar og hvaða URL þú ferð á af setrinu okkar ef þú smellir á tengil á vefsetrinu okkar.

Til þess að notendaupplifun þína af Dell sé eins hnökralaus og sniðin að þínum þörfum og hægt er, getur verið að upplýsingar sem safnað er á einum stað verði sameinaðar upplýsingum sem Dell safnar annars staðar frá, í samræmi við löggjöf á hverjum stað. Við kunnum einnig að bæta upplýsingum frá öðrum aðilum við upplýsingarnar sem við söfnum, meðal annars frá tengdum fyrirtækjum og öðrum þriðju aðilum.

Sum þjónusta hjá Dell getur verið tengd við annað vörumerki eða hún veitt í samvinnu við annað fyrirtæki. Ef þú skráir þig í eða notar slíka þjónustu geta bæði Dell og hitt fyrirtækið fengið upplýsingar sem safnað er í tengslum við þjónustu undir tengdum vörumerkjum og getur notað upplýsingarnar í samræmi við persónuverndaryfirlýsingu hvors fyrirtækis fyrir sig og aðra samninga sem þau hafa gert við þig.

Hvernig við notum persónuupplýsingar

Dell notar persónuupplýsingar þínar:

- Til þess að veita þá þjónustu og aðstoð eða framkvæma þær færslur sem þú hefur óskað eftir;
- Til þess að eiga samskipti við þig, svo sem senda þér upplýsingar um vöruöryggi, færslustöðu þína þar með taldar staðfestingar á pöntunum, upplýsingar um tiltekin verkefni á vegum Dell sem þú hefur kosið að taka þátt í, upplýsingar um vörur og þjónustu sem eru í boði hjá Dell og dótturfyrirtækjum þess, kynningartilboð og kannanir;
- Til þess að auðvelda samskipti við fyrirtæki tengd Dell;
- Til þess að sérsníða, greina og bæta vörur okkar, þjónustu (þar með talið efni og auglýsingar á vefsetri okkar), tækni, samskipti og samband við þig;
- Til þess að framfylgja söluskilmálum okkar, vefsetursskilmálum og/eða aðskildum samningum (ef við á) við þig;
- Til þess að hindra svik og aðra bannaða eða ólöglega starfsemi;
- Til þess að gæta öryggis eða varðveita heilleika vefseturs/-ra okkar, fyrirtækis/-a okkar eða vöru okkar eða þjónustu; eða
- Í öðrum tilgangi, sem þér væri þá skýrt frá þegar upplýsinganna er aflað.

Vistun og úrvinnsla persónuupplýsinga getur farið fram í Bandaríkjunum eða öðru landi þar sem Dell eða dótturfyrirtæki þess eða tengd fyrirtæki kunna að vera með aðstöðu, í samræmi við löggjöf á hverjum stað.

Persónuupplýsingar veittar

Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með dótturfyrirtækjum okkar eða fyrirtækjum tengdum okkur til að framkvæma færslur sem þú óskar eftir eða til þess að fyrirtæki okkar eða dótturfyrirtæki geti betur svarað þörfum þínum, til dæmis svo að við eða dótturfyrirtæki okkar getum veitt þér upplýsingar um Dell og vörur og þjónustu undir vörumerki Dell. Slík samskipti geta verið beiðnir sem tengjast Dell og vörum eða tilboðum undir vörumerkinu Dell. Við munum aðeins deila persónuupplýsingum þínum með tengdum fyrirtækjum sem samþykkja að vinna úr persónuupplýsingum þínum og gæta þeirra í samræmi við okkar fyrirmæli og nota þær eingöngu í þeim tilgangi sem Dell mælir fyrir um.

Auk þess getur verið að Dell deili persónuupplýsingum þínum með öðrum aðilum í sölu- og markaðssetningarkeðju okkar, sem felur í sér en er ekki takmarkað við smásala, endursöluaðila, dreifingaraðila, heildara, birgja og suma söluaðila („tengd vörumerki“), aðeins í þeim takmarkaða tilgangi að selja, markaðssetja vörur og þjónustu Dell eða veita aðstoð tengda þeim.

Við kunnum einnig að gefa upp persónuupplýsingar þínar í tengslum við löggæslu, aðgerðir gegn svikum eða aðrar lagalega aðgerðir; eins og lög og reglur krefjast; ef Dell (eða einhver hluti Dell) er seldur eða rennur saman við annað fyrirtæki; eða ef Dell hefur gilda ástæðu til að ætla að það sé nauðsynlegt til þess að vernda Dell, viðskiptavinum þess eða almenning.

Að öðru leyti en ofangreindu munum við ekki gefa upp persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila svo að þeir geti nýtt þær til eigin markaðssetningar án þíns samþykkis.

ESB og örugg höfn í Sviss

Auk viðleitni Dell til þess að tryggja gagnavernd, er þjónusta Dell Cloud Clinical Archive (DCCA) í samræmi við þær meginreglur sem gilda á milli Bandaríkjanna og EBS um örugga höfn og á milli Bandaríkjanna og Sviss um örugga höfn og eru gefnar eru út af Bandaríska viðskiptaráðuneytinu, hvað varðar öflun, notkun og varðveislu persónuupplýsinga frá aðildarlöndum Evrópusambandsins og Sviss. Í þeim tilgangi að geta veitt DCCA-þjónustu til viðskiptavina sinna hefur fyrirtækið Dell vottað að það fari eftir meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins hvað varðar kynningu, val, framsendingu, öryggi, heilleika gagna, aðgang og framkvæmd. Hægt er að fá frekari upplýsingar um reglur um örugga höfn og sjá vottun Dell Cloud Clinical Archive þjónustunnar á <http://www.export.gov/safeharbor> (á ensku).

[TRUSTe](#) (á ensku) er sjálfstæður þriðji aðili sem getur skorið úr deilumálum viðskiptavina um gagnasöfnun DCCA á netinu, sem er skilyrði þess að reglum um örugga höfn sé framfylgt. Hafir þú einhverjar spurningar um hvernig DCCA uppfyllir reglur um örugga höfn, getur þú haft samband í gegnum netfangið privacy@Dell.com. Ef þú ert ekki sátt(ur) við svar okkar getur þú haft samband við [TRUSTe hér](#) (á ensku) Hægt er að fá frekari upplýsingar um reglur um örugga höfn og sjá vottun Dell Cloud Clinical Archive þjónustunnar á www.export.gov/safeharbor (á ensku).

Hvernig þú getur nálgast, breytt og eytt persónuupplýsingum þínum

Dell vill að persónuupplýsingar þínar haldist réttar. Þú getur skoðað og breytt [persónuupplýsingum](#) þínum sem hafa verið vistaðar á vefreikningi þínum hjá Dell í hlutunum [My Account](#) (á ensku) eða [Premier Account](#) (á ensku) á vefsetri Dell.com. Til þess að tryggja öryggi reikningsins þíns verður þú beðin(n) um að innskrá þig með auðkenni þínu og aðgangsorði. Ef þú vilt vita hvers konar persónuupplýsingar við erum með um þig eða óska eftir að því við eyðum eða leiðréttum persónuupplýsingar sem við geymum um þig eða nýta rétt þinn til að nálgast og/eða mótmæla úrvinnslu persónuupplýsinga þinna skaltu senda skriflega beiðni þess efnis til privacy@dell.com eða á netfangið sem er að finna neðst í þessari persónuverndaryfirlýsingu.

Samskiptamáti valinn og auglýsingar afþakkaðar

Þú getur beðið um að fá eða fá ekki sendar auglýsingar frá Dell með því að taka það fram í stillingum. Þú getur til dæmis breytt valstillingunum svona:

- Í hlutunum My Account og Premier Account á Dell.com getur þú valið hvort þú vilt fá auglýsingar frá Dell og gerast áskrifandi að eða segja upp áskrift að fréttabréfum okkar um vörur okkar og þjónustu;
- Þú getur alltaf farið á síðuna [List Removal](#) og beðið um að vera tekin(n) af auglýsinga- og markaðssetningarlistum okkar (bæklinga, símasölu, fax og tölvupóst);
- Þegar þú vistar körfu þegar þú ert að versla á netinu getur þú valið að fá áminningu í tölvupósti; og
- Öll markaðssetning Dell eða þriðju aðila fyrir hönd Dell fer fram í samræmi við gildandi lög og inniheldur þar sem það á við aðferðir til þess að leyfa þér að stilla séróskir þínar.

Allt að 10 virkir dagar geta liðið þar til nýju tölvupóststillingarnar koma fram. Þar sem sumt kynningarefni, svo sem bæklingar sem sendir eru beint til þín, er útbúið fyrirfram, getur þú stundum fengið sendar auglýsingar eftir að þú baðst um að stillingunum þínum væri breytt.

Hvernig við gætum persónuupplýsinga þinna

Dell beitir öllum eðlilegum ráðum til þess að persónuupplýsingar þínar séu ekki misnotaðar, verði fyrir íhlutun eða þær glatist, eða einhver fái að þeim óheimilan aðgang, breyti þeim eða birti þær. Það gerum við meðal annars með því að:

- nota dulkóðun þegar við öflum eða flytjum til viðkvæmar upplýsingar, svo sem kreditkortaupplýsingar;
- takmarka aðgang einstaklinga að húsnæði okkar;
- takmarka aðgang að upplýsingunum sem við öflum um þig;
- gæta þess að við og tengd fyrirtæki okkar séu með réttan öryggisviðbúnað til þess að persónuupplýsingar haldist öruggar; og
- þar sem þess er krafist samkvæmt lögum, eyða eða af-auðkenna persónuupplýsingar.

Öflun og notkun á persónuupplýsingum um börn

Dell tekur persónuvernd barna alvarlega. Við öflum ekki viljandi persónuupplýsingum um börn í gegnum vefsetur okkar. Ef þú ert undir lögaldri samkvæmt landslögum í þínu landi skaltu ekki setja neinar persónuupplýsingar inn á vefsetur okkar án yfirlýsts samþykkis foreldris eða forráðamanns.

Hvernig við og tengd fyrirtæki notum dúsur (e. cookies) og vefvita (e. web beacons)

Hvernig við og tengd fyrirtæki notum dúsur

Vefsetur á vegum Dell nota „dúsur“ frá Dell og þriðju aðilum til þess að þú getir skráð þig inn á þjónustu okkar og sjáir efni á netinu sem valið er sérstaklega fyrir þig. Við notum dúsur til þess að geyma valstillingar þínar og aðrar upplýsingar á tölvunni þinni til þess að spara þér tíma, því þú þarft þá ekki að skrá inn sömu upplýsingar aftur og aftur.

Dúsa er textabútur sem komið er fyrir á harða drifinu á tölvunni þinni. Vafrinn þinn kann að bæta textanum við tækið þitt í formi lítils skjals, en það fer þó eftir stillingunum sem þú hefur valið. Margir vafrar eru forstilltir þannig að þeir taki sjálfkrafa við dúsum. Þú átt kost á að samþykkja eða hafna dúsum eftir eigin geðþótta. Í hjálparhluta vafra þíns sem er líklega á tölaborðinu er venjulega að finna leiðbeiningar um hvernig þú getur hindrað vafrann í að taka við nýjum dúsum, hvernig hægt er að láta vafrann gera þér viðvart um þegar þú færð nýja dúsu og hvernig hægt er að gera allar dúsur óvirkar.

Dúsur gera þér kleift að nota viss lykilatridi í þjónustu Dell, þar á meðal að vista innkaupakörfu og innihald hennar á milli heimsókna. Ef þú kýst að hafna dúsum getur þú ef til vill ekki innskráð þig eða notað aðra gagnvirka þjónustu á vefsetrum Dell eðaþjónustu sem er háð dúsum.

Sérstærnar auglýsingar frá Dell og öðrum

Dell starfar einnig með öðrum fyrirtækjum sem sjá um auglýsingar og sérstærnar auglýsingar og nota dúsur til að hjálpa okkur til að sýna sérstærnið efni og viðeigandi auglýsingar þegar þú heimsækir Dell.com og önnur vefsetur, byggt á heimsóknum þínum á Dell.com. Dúsur sem komið er fyrir af þessum tengdu fyrirtækjum hjálpa okkur líka við að mæla árangur auglýsingaherferða okkar og sjá hvaða síður þú skoðar, tenglana og auglýsingarnar sem þú smellir á og aðrar aðgerðir sem þú framkvæmir á þessum vefsíðum og vefsetrinu sem þú komst af áður en þú komst á tiltekna vefsíðu. Þessar dúsur geta verið virkar hvort sem þú ert á Dell.com eða öðru vefsetri.

[Nánari upplýsingar](#) (á ensku) um sérstærnar auglýsingar og hvernig hægt er að afþakka þær.

„Ekki rekja“-merki

Auk þess að þú getur afþakkað sérstærnar auglýsingar í gegnum tengilinn „Learn more“ hér fyrir ofan og stjórnað notkun á dúsum í gegnum vefvafrann þinn, eins og lýst er í hlutanum „Hvernig við og tengd fyrirtæki notum dúsur“ hér fyrir ofan, getur líka verið að sumir vafrar bjóði upp möguleikann á að stilla á „ekki rekja“. Sú stilling sendir sérstakt merki til vefsíðanna sem þú rekst á þegar þú vafrar á netinu. Þetta „ekki rekja“-merki er ekki það sama og að gera vissar tegundir af rakningu óvirka með því

að hafna dúsum í vafrastillingum þínum, því vafrar með kveikt á „ekki rekja“-stillingunni geta samt tekið við dúsum. Dell bregst ekki við „ekki rekja“-merkjum eins og er. Ef við byrjum að gera það síðar, munum við lýsa því hvernig við gerum það í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Nánari upplýsingar um „ekki rekja“ er að finna á www.allaboutdnt.org (á ensku).

Tölvupóstur með sérsniðnum auglýsingum frá Dell

Sumar auglýsingar sem sendar eru til þín, þar á meðal auglýsingar í tölvupósti, geta einnig verið sérsniðnar, byggt á heimsóknum þínum á Dell.com og vafra- og innkaupasögu þinni. Auk þess getur tölvupóstþjónustan þín komið fyrir dúsu í vafranum þínum þegar þú smellir á suma tengla í auglýsingunum sem þú færð sendar í tölvupósti. Slík dúsa væri tengd við netfangið þitt og IP-tölu og notuð til að afla upplýsinga um vörur og þjónustu sem þú skoðar og kaupir á Dell.com. Upplýsingarnar sem aflað er gætu verið notaðar til að sérsníða auglýsingatölvupósta sem þú færð í framtíðinni. Þú getur afþakkað þetta með því að smella á tengilinn sem býður upp á að afskrá þig af póstlistanum og er í öllum tölvupóstum með sérsniðnum auglýsingum sem þú færð.

Hvernig við og tengd fyrirtæki notum vefvita, myndeindamerki (e. pixel tags) og rakningartækni.

Dell eða tengd fyrirtæki kunna að nota vefvita á vefsetrum okkar, í tölvupóstum okkar, auglýsingum okkar á öðrum vefsetrum eða auglýsingum okkar í tölvupóstum annarra. Á sama hátt geta þriðju aðilar sem eiga efni eða auglýsingar sem birtast á Dell.com, eða sem Dell.com sendir auglýsingar frá til notenda okkar í tölvupósti, einnig sett vefvita í sínar auglýsingar eða tölvupósta í þeim tilgangi að mæla hversu áhrifamikil efnið, auglýsingarnar eða tölvupósturinn er.

Vefviti er rafræn mynd sem hægt er að nota til að bera kennsl á dúsu á tölvunni þinni þegar þú skoðar vefsíðu eða tölvupóst. Vefvitar hjálpa okkur til að mæla áhrif vefseturs okkar og auglýsinga á margvíslegan hátt. Til dæmis geta vefvitar talið hversu margir einstaklingar heimsækja vefsetur okkar eftir að sjá tiltekna auglýsingu eða kaupa eitthvað á vefsetri okkar eftir að sjá tiltekna auglýsingu eða sagt okkur hvenær vefsíða er skoðuð og gefið lýsingu á síðunni þar sem vefvitanum er komið fyrir. Vefvitar geta einnig mælt áhrif tölvupósttherferða okkar með því að telja hversu margir einstaklingar opna tölvupóst og bregðast við honum, sýnt hvenær tölvupóstur er opnaður og hversu oft tölvupóstur er áframsendur. Við kunnum að sameina þær upplýsingar sem við öflum í gegnum vefvita öðrum persónuupplýsingum sem við höfum aflað frá þér, í samræmi við lög á hverjum stað.

Við kunnum að leyfa sumum af þeim fyrirtækjum sem tengjast okkur að safna saman tölfræðilegum upplýsingum um einstaklinga eða samanteknar upplýsingar út frá notkun Dell, umboðsaðila Dell eða annarra á vefvitum á Dell.com, til þess að sjá áhrif markaðssetningar á netinu og fá tölfræðilegar upplýsingar um það hversu oft smellur á auglýsingu endar með innkaupum eða annarri aðgerð á vefsetri auglýsandans. Samanteknar upplýsingar geta falið í sér lýðfræðilegar upplýsingar og

notkunarupplýsingar. Engum persónuupplýsingum um þig er deilt með fyrirtækjum tengdum okkur fyrir slíkar rannsóknir.

Þú getur gert suma vefvita ónothæfa með því að hafna dúsum í vefvafranum þínum eins og lýst er í hlutanum „Hvernig við og tengd fyrirtæki notum dúsur“ hér fyrir ofan.

Þegar þú heimsækir vefsetur okkar eða skoða tölvupóst frá okkur getur verið að við notum myndeindamerki (e. pixel tags) (einnig kallað „glært“ gif-snið), rakningartengla og/eða aðra svipaða tækni til þess að skrá hjá okkur sumar af síðunum sem þú heimsækir á vefsetrum okkar. Við kunnum einnig að nota myndeindamerki til þess að sjá hvaða tegundir af tölvupósti vafrinn þinn styður. Við kunnum að setja þær upplýsingar sem aflað er í gegnum vefvita, myndeindamerki, rakningartengla og svipaða tækni saman við persónuupplýsingar þínar til þess að sérsníða notandaupplifun þína á Dell.com og til þess að sýna þér nytsamlegri og meira viðeigandi auglýsingar.

Félagsmiðlavalokostir

Vefsetur okkar inniheldur félagsmiðlavalokosti, þar með talið Facebook-hnappinn „Like“ og Twitter-hnappinn „Follow“. Þessir valokostir kunna að skrá IP-töluna þína og hvaða síðu þú ert að heimsækja á vefsetri okkar og geta komið fyrir dúsu til þess að valokosturinn virki. Félagsmiðlavalokostir eru annað hvort hýstir af þriðja aðila eða vistaðir beint á síðunni okkar. Samskipti þín við þessa valokosti falla undir persónuverndarstefnu fyrirtækisins sem bjóða upp á þá.

Tenglar á vefsetur og þjónustu þriðju aðila

Vinsamlegast athugið að Dell gefur upp tengla yfir á önnur vefsetur og ef þú smellir á þá geta þau aflað persónulegra upplýsinga um þig. Meðhöndlun þessara vefsetra þriðju aðila sem tengjast Dell.com á upplýsingum fellur ekki undir þessa persónuverndarstefnu.

Breytingar á Persónuverndaryfirlýsingu okkar varðandi upplýsingar um viðskiptavini og vefnotendur

Við munum uppfæra þessa persónuverndaryfirlýsingu öðru hvoru. Ef við gerum breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu eða gerum einhverjar stórfelldar breytingar á því hvernig við notum persónuupplýsingar þínar munum við uppfæra þessa persónuverndaryfirlýsingu svo að þær breytingar komi fram og uppfæra gildingardagsetningu persónuverndaryfirlýsingarinnar sem fram kemur í lok þessa hluta. Við hvetjum þig til þess að fara yfir þessa persónuverndaryfirlýsingu með reglulegu millibili til þess að kynna þér hvernig við notum og verndum persónuupplýsingar þínar.

Hafa samband

Ef þú vilt hafa samband við okkur af einhverri ástæðu vegna persónuverndarstefnu okkar getur þú skrifað okkur á þetta pósthfang:

Privacy Office
c/o Legal Department
Dell AS
Hoffsveien 1D
Postboks 270 Skøyen
N-0275 Oslo
Norway

Þú getur einnig sent okkur tölvupóst á netfangið privacy@dell.com.

Gildir frá: 19. Október 2015